

554. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi

7. febrúar 2020, kl. 13:00 – 16:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Ari Björn Thorarensen og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir sem varamaður Friðriks Sigurbjörnssonar sem boðaði forföll. Ásgerður Kristín Gylfadóttir tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Þá sitja fundinn Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð

Fundargerð 553. fundar undirrituð.

2. Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 - 2024

Áhersluverkefni 2020

Kynntar tillögur að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands árið 2020 sem hafa verið til umfjöllunar á milli funda. Alls liggja 19 tillögur fyrir fundinum. Stjórn samþykkir eftirfarandi 12 áhersluverkefni.

Heiti verkefnis	Málaflokkur	Verkefnislýsing	2020	2021
R&D - Orkufrek matvælaframleiðsla á Suðurlandi	Atvinna og nýsköpun	Stofnun rannsóknar/þekkingarseturs á Suðurlandi um sjálfbæra matvælaframleiðslu og tækifæra Suðurlands m.t.t. 4. iðnbyltingarinnar. Unnið er út frá þeim upplýsingum að á næstu áratugum þarf matvælaframleiðsla að aukast til muna og Ísland hefur þar gríðarleg tækifæri, út frá auðlindum á sviði sjálfbærrar orku, hreinu vatni og aðgengi að hráefnum.	7.500	15.000
Stuðningur við skapandi greinar á Suðurland	Atvinna og nýsköpun	Verkefnið gengur út á að vinna að greiningu á stöðu og umfangi skapandi greina á Suðurlandi og vinna að tillögum að stuðningsaðgerðum til að styðja við vöxt greinarinnar á svæðinu.	2.750	
Störf án staðsetningar	Atvinna og nýsköpun	Greina tækifæri fyrir störf án staðsetningar á Suðurlandi. Kynna aðstöðu sem til staðar er í landshlutanum fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem geta haft hag að því að ráða starfsmenn til starfa á þessum stöðum eða bjóða upp á að núverandi starfsmenn geti flutt og starfað við sín störf á Suðurlandi.	2.500	
Úthafsfiskeldi við Vestmannaeyjar	Atvinna og nýsköpun	Ráðning verkefnastjóra hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja sem hafi það hlutverk að rannsaka og vinna að mögulegri uppbyggingu úthafsfiskeldis við Vestmannaeyjar. Mikill vöxtur er í úthafsfiskeldi og gengur verkefnið út á að greina möguleika og leiðir við uppbyggingu slíkrar starfsemi á Suðurlandi.	6.000	4.000



Heiti verkefnis	Málaflokkur	Verkefnislýsing	2020	2021
Hamingjulestin	Samfélag	Verkefnið er fræðsluverkefni til stuðnings aukinnar hamingju Sunnlendinga. Verkefninu er stillt upp með fyrirmynd af verkefninu Umhverfis Suðurland og verkefninu Umhverfislestin á Vestfjörðum. Sem hvorutveggja eru áhersliverkefni þeirra landshluta. Verkefninu er ætlað auka fræðslu um áhrifaþætti aukinnar hamingju og þannig stuðla að vakningu um þá þætti meðal Sunnlendinga.	1.500	
Menningarverðlaun Suðurlands 2020	Samfélag	Um er að ræða menningarverðlaun Suðurlands eins og þau voru framkvæmd á s.l. ári. Er þá lagt upp með að sama fyrirkomulag verði viðhaft, að auglýst verði eftir tilnefningum og verðlaunin veitt á ársþingi SASS á árinu 2020.	500	
Menntahvöt	Samfélag	Verkefnið miðar að því að auka eftirspurnina eftir námi, fremur en námsframboðið sjálf. Verkefnið mun draga fram fyrirbyggjandi stoðkerfi náms með sveigjanlegum hætti, svo sem námsver, prófþjónustu og náms- og starfsráðgjöf. Auk fullorðinna verða nemendur á lokaári í framhaldsskólum héraðsins í markhópi verkefnisins, þ.m.t. nemendur á starfsmenntabrautum.	2.500	
Matartækni fyrir Suðurland	Samfélag	Verkefnið er kennsluverkefni á vegum Fræðslunets Suðurlands. Verkefnið gengur út á að koma á menntabraut um starfsnám á sviði matvæla, nám í matartækni. Námið er ætlað þeim sem starfa í eldhúsum, mótuneytum og við áframvinnslu matvæla. Verkefnið tekur mið af þeim vexti sem orðið hefur í greininni (þá helst ferðaþjónustu) og þörf á aukinni menntun í greininni, s.s. út frá gæðum, þekkingu og uppbyggingu mannauðs.	4.500	2.500
Innleiðing Heimsmarkmiða í sveitarfélög á Suðurlandi	Umhverfi	Verkefninu er ætlað að byggja upp þekkingu hjá SASS um innleiðingu heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum. Þróa leiðir til stuðnings sveitarfélögum, án þess að koma í stað utanaðkomandi ráðgjafa á sviði stefnumótunar eða innleiðingar. Áhersla verkefnisins verður greiningu á stöðu sveitarfélaganna m.t.t. markmiðanna, aðgengi að gögnum, mælikvörðum og til stuðnings slíkum gagnaöflunum og birtingu gagna.	2.000	
Stefnumótun í úrgangsmálum á Suðurlandi. Annar hluti: Þróun aðgerðaráætlunar í úrgangsmálum á Suðurlandi.	Umhverfi	Verkefnið er framhaldsverkefni Elísabetar um stefnumótun í úrgangsmálum á Suðurlandi. Næsta skref í þessari vegferð er að greina tækifæri til innleiðingar úrgangsstjórnunar sveitarfélaga á Suðurlandi m.t.t. hringrásarhagkerfisins með aðstoð "smart" væðingar í málaflokknum. Um verður að ræða samstarfsverkefni SASS, háskóla, tæknifyrirtækja, tilrauna sveitarfélags eða sveitarfélaga. Um er ræða hagnýtingu þeirra tölulegu gagna sem við búum nú yfir og hvernig nýta má þær til stjórnunar.	5.000	
Umhverfis Suðurland	Umhverfi	Um er að ræða framhaldsverkefni. Lagt er til að á árinu 2020 verði áframhald á fræðsluhluta verkefnisins ásamt því að kynna betur þau verkefni sem unnin hafa verið hjá SASS á sviði umhverfismála. Önnur sértæk verkefni undur Umhverfis Suðurlands verður reynt að fjármagna með öðrum hætti, s.s. með umsókn í Loftlagssjóð og með samstarfssamningum.	10.000	
Svæðisskipulag Suður miðhálandis	Umhverfi	Gerð svæðisskipulags fyrir Suður miðhálandi með þátttöku 12 sveitarfélaga á Suðurlandi.	10.000	

Framangreind áhersliverkefni eru flest styrkt til eins árs en tvö verkefni *Úthafsfriskeldi við Vestmannaeyjar* og *Matartækni fyrir Suðurland* fá styrk skv. ofanangreindu til tveggja ára gefið að áætlun ársins 2020 standist. Fjárveiting til verkefnisins *R&D – Orkufrek matvælaframleiðsla á Suðurlandi* er háð því skilyrði að móttframlag að sömu fjárhæð fái frá Landsvirkjun. Verkefnið er styrkt til tveggja ára og vil yrði er til að styrkja það árlega um 15 m.kr. fyrir árabilið 2022 – 2024 enda standist það mat sem fram fer í árslok 2021.



Framangreind tólf áhersluverkefni eru í þremur mismunandi málaflokkum, þ.e. atvinnu- og nýsköpun, samfélag og umhverfi. Fjögur verkefni í hverjum flokk.

Samtals samþykkir stjórn að veita 54,75 m.kr. á árinu 2020 og séu fyrrgreind skilyrði uppfyllt er fjárhæðin 21,5 m.kr. á árinu 2021 og árlega 15 m.kr. á árabílinu 2022 – 2024.

3. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

- a. Tillaga til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.

Þingskjal: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0055.html>

Stjórn SASS áréttar að á nýliðnu ársþingi samtakanna var ítrekuð nauðsyn þess að fjárlaganefnd Alþingis kæmi Menningarsal Suðurlands á Selfossi á fjárlög. Um leið og stjórn SASS áréttar þetta sjónarmið tekur hún undir ályktun Sveitarfélagsins Árborgar um að mikilvægt sé að menningasalur á Suðurlandi sé fullgerður.

- b. Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 67. mál.

Þingskjal: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0067.html>

Stjórn SASS fagnar framkominni tillögu og tekur undir með flutningmönnum hennar. Mikilvægt er að skoða hvort á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.

- c. Tillaga til þingsályktunar um innviðaupbyggingu og markaðssetningu hafnarinnar í Þorlákshöfn, 61. mál.

Þingskjal: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0061.html>

Stjórn SASS fagnar framkominni tillögu. Stjórn telur mikilvægt að skipa starfshóp til að móta stefnu um hvernig standa megi að innviðaupbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn svo að höfnin geti enn frekar vaxið sem inn- og útflutningshöfn. Starfshópnum er ætlað að vinna tillögu um hvernig bæta megi og auka öryggi og dýpi í og við innsiglingu í höfnina. Loks að hann komi fram með tillögur um hvernig bestum árangri verði náð í markaðssetningu hafnarinnar innan lands og utan. Stjórn minnir á að Sveitarfélagið Ölfus hefur látið vinna forhönnun á breytingum sem gera myndi höfninni mögulegt að taka á móti skipum sem eru 180 metra löng og 34 metra breið. Vitað er af áhuga til að sigla slíkum farþegaferjum reglulega milli Þorlákshafnar og hafna bæði í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Mikilvægt er því að meðal verkefna starfshópsins verði einnig að kynna sér þessar forsendur og tryggja fjármögnun til slíkra framkvæmda. Loks er áréttuð nauðsyn þess að heimamenn eigi fulltrúa í starfshópnum.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

- a. Fundargerðir stjórnar annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 51. og 52. funda stjórnar SSSV, 752. fundar stjórnar SSS, 480. fundar stjórnar SSH og 878. fundar stjórnar sambandsins.



b. Fjárveiting til upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi

Grétar Ingi fer yfir stöðuna og þær breytingar sem Ferðamálastofa leggur til á fyrirkomulagi þessa árs en óánægja er hjá hagaðilum á Suðurlandi um framkvæmd breytinga á fjárveitingu til upplýsingamiðstöðva. Í dag er ekki komin sú stafræna lausn á upplýsingaveitu til ferðamanna sem getur leyst af hólmi mannaðar upplýsingaveitur að fullu. Skipting fjármagns sem lögð hefur verið til af Ferðamálastofu er ekki sanngjörn. Taka þarf tillit til stærðar landshlutans og fjölda ferðamanna sem heimsækir hann.

Næsti fundur stjórnar er fyrirhugaður föstudaginn 6. mars nk.

Fundi slitið kl. 15:10.

Eva Björk Harðardóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir
Björk Grétarsdóttir
Helgi Kjartansson
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Grétar Ingi Erlendsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir